



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Upphaf vetrarstarfs Akureyrarkirkju

Sunnudaginn 16. september verður fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju og markar hún upphaf vetrarstarfs kirkjunnar. Við hefjum veturinn af fullum krafti, sunnudagaskólinn verður á sínum stað, kirkjukórinn ásamt prestum og starfsfólki kirkjunnar. Sr. Svavar Alfired, sr. Hildur Eir, Sunna Dóra æskulýðsfulltrúi, Hjalti Jónsson tenór og sunnudagaskólakennari og Sigrún Magna

organisti leiða stundina. Að lokinni guðsþjónustu verður opið hús í Safnaðarheimilinu, léttar veitingar í boði og fólk sem heldur utan um hina ýmsu starfsþætti kirkjunnar verður á staðnum til að kynna starfsemi vetrarins. Nú er um að gera að mæta og vera með frá upphafi í skemmtilegu og öflugum kirkjustarfi Akureyrarkirkju. Verið öll hjartanlega velkomin í kirkjuna í vetur.

Æskulýðsstarf Akureyrarkirkju

Æskulýðsstarf Akureyrarkirkju fer af stað að nýju eftir sumardvala miðvikudaginn 12. september. Líkt og fyrri ár skiptist það í nokkra þætti eftir aldri og börn og ungmenni á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Dagskráin er eftirfarandi:

Kirkjukrakkar: Á miðvikudögum er starf fyrir 6-9 ára krakka kl.15.00-16.00 og kallast „Kirkjukrakkar“. Í þessu starfi eru kenndar biblíusögur, spjallað saman og farið í leiki. Sunna Dóra Möller heldur utan um þetta starf ásamt ungleiðtogum.

TTT: Á miðvikudögum kl. 17.00-18.00 er starf fyrir 10-12 ára krakka sem nefnist „TTT“. Á TTT fundum er margt skemmtilegt brallað, leikir og fjör. Sunna Dóra Möller heldur utan um starfið ásamt ungleiðtogum.

ÆFAK: Æskulýðsfélagið „ÆFAK“ er sínum stað á miðvikudagskvöldum kl. 20.00 og er fyrir ungmenni í 9.-10. bekk. Á æskulýðsfundum er mikið fjör, farið í leiki, spjallað um lífið og tilveruna og í vetur ætlum við á Landsmót ÆSKP á Egilsstöðum í lok október. Þannig að það er um að gera að vera með. Sunna Dóra Möller, Tinna Hermannsdóttir og ungleiðtogar halda utan um ÆFAK.

Aksjón: Aksjón er nýtt æskulýðsfélag fyrir ungmenni í 8. bekk. Fundir í þessu nýja félagi verða á fimmtudögum kl. 17.00-18.00, beint að lokinni fermingarfræðslu, en æskulýðsfélagið er opið öllum áttundubekkingum óháð því hvort ungmennin ákveða að fermast í kirkjunni eða ekki. Við leggjum áherslu á skemmtilegar samverustundir, leiki og spjall. Umsjón með stundunum hafa sr. Hildur Eir Bolladóttir, Sunna Dóra Möller og Tinna Hermannsdóttir.

Sunnudagaskólinn: Sunnudagaskólinn hefst að nýju þann 16. september með fjölskylduguðsþjónustu í kirkjunni kl. 11.00 en þessi fjölskylduguðsþjónusta markar formlegt upphaf vetrarstarfsins í kirkjunni. Sunnudagaskólinn á sinn fasta stað hvern sunnudag í Safnaðarheimilinu en einu sinni í mánuði yfir vetrartímam er fjölskylduguðsþjónusta og er sunnudagaskólinn þá í kirkjunni. Sunnudagaskólinn er uppbyggileg samvera fyrir foreldra, ömmur og afa, frænkur og frændur og börn á öllum aldri. Sagðar eru biblíusögur, brúðuleikrit og mikill söngur og gleði. Umsjón með sunnudagaskólanum í vetur hafa Sunna Dóra Möller og Hjalti Jónson. Sjáumst í kirkjunni í vetur!

Vinasöfnuður Akureyrarkirkju

Akureyrarkirkja á vinasöfnuð í Kapkori, Kenýa. Við fórum af stað í vor með söfnun fyrir þaki á kirkju safnaðarins og erum við komin vel af stað með þá söfnun. Byrjað var að hafa samskot í messum og munum við halda því áfram nú í vetur til styrktar þessu verkefni. Einnig ætlum við að hittast, áhugamenn um kristniboðsverkefnið í Afríku síðasta miðvikudag í mánuði hér í Akureyrarkirkju og verður fyrsta sam-

veran miðvikudaginn 26. september kl. 20.30 en þá heimsækir kristniboðinn, Fanney Krístrún Ingadóttir okkur og spjallar um kristniboðsverkefnið í Kenýa. Öllum er velkomið að vera með í þessu skemmtilega og áhugaverða verkefni. Styrktarreikningur vegna söfnunar á þaki fyrir kirkjuna í Kapkori er: 302-13-854100, kt.410169-6149 og eru öll framlög vel þegin, bæði stór og smá.



Ungmennin fyrir framan Akureyrarkirkju.

Af ungmennaskiptum í Akureyrarkirkju sumarið 2012

Núna í júlí komu saman í Akureyrarkirkju ungmenni og leiðtogar frá fjórum Evrópulöndum, alls 70 manns. Yfirskrift ungmennaskiptanna var „European Youth and the Icelandic Forces of Nature“ og var styrkt af Evrópu unga fólksins. *Evrópa unga fólksins* er íslenska heitið á Ungmennaaætlun Evrópusambandsins, *Youth in Action*, og er samstarfsverkefni ESB, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og UMFÍ. Aætlunin veitir styrki fyrir ungt fólk á aldrinum 13-30 ára og þá sem starfa með ungu fólk. Ungmennaskiptin í Akureyrarkirkju eiga sér þó orðið lengri sögu, en Svavar Alfired Jónsson, sóknarprestur Akureyrarkirkju hóf samstarf árið 1999 við þýskan prest í Bochum, Ortwin Pflaging á grundvelli æskulýðsstarfs um árleg ungmennaskipti. Núna er svo komið að þetta er orðið samskipti fjögurra Evrópulanda og hefur verið styrkt sem slíkt verkefni af ungmennaaætlun Evrópusambandsins – Youth in Action Program um nokkurra ára skeið. Ungmennin sem tóku þátt í þessu verkefni í sumar koma úr lúterskum kirkjum í Eistlandi, Finnlandi, Þýskalandi og héðan frá Akureyri. Dvalið var í Kirkjumiðstöðinni að Vestmannavatni og á Akureyri dagana 20.-30. júlí. Aðaláherslan var á íslenska náttúru og nýtingu hennar í samburði við orkunýtingu erlendis og var ferðast vítt og breitt, íslenskar orkustöðvar og virkjanir skoðaðar og metnar. Markmiðið var að reyna að ná fram hjá ungmennunum skoðunum þeirra og gagnrýnu sjónarhorni á virkjanaframkvæmdir sem hafa átt sér stað hér á landi andspænis óbeislaðri náttúrunni og kröftum hennar. Þar sem þetta verkefni er á kirkjulegum grunni, var að auki fjallað um Guð og sköpunina og spurningnum sem tengjast náttúruöflunum og guðfræðinni velt upp. Einnig var sótt útiguðsþjónusta í Fjörðum en messað er einu sinni á ári á hinum forna kirkjustað, Þönglabakka í Þorgeirfirði og mæltist það afar vel fyrir hjá hópnum. Á lokadegi mótsins var

mikið um dýrðir í kirkjunni, en þá var haldið upp á fjögurra ára afmæli þessa stóra verkefnis (áður voru það bara Akureyrarkirkja og Þýskaland eða tveggja þjóða samstarf). Haldin var ljósmyndasýning á myndum sem ungmennin tóku á meðan dvölinni stóð af íslenskrí náttúru, ásamt því að sýndar voru myndir og fleira sem tengist ungmennaskiptum liðinna ára. Einnig hélt trúbadorinn Svavar Knútur styrktar-tónleika fyrir æskulýðsstarfið á lokakvöldinu og tókust þeir afar vel og kunnum við honum miklar þakkir fyrir hlýhug og velvilja í garð æskulýðsstarfs kirkjunnar. Verkefni sem þetta er gríðarlega mikilvægt og hefur áhrif inn í allt æskulýðsstarf kirkjunnar. Þetta verkefni hefur að auki gert það mögulegt að það er öflugt ungmennastarf menntaskólanema í Akureyrarkirkju, eitthvað sem hefur jafnan átt erfitt uppdráttar í kirkjum landsins. Þetta starf mun halda áfram af fullum krafti í vetur, þar sem stefnt er að því að þessi hópur hittist einu sinni enn, sumarið 2013 á erlendri grundu. Það er því mikið verk framundan að skipuleggja og safna fyrir því verkefni en með þann flotta hóp ungmenna sem sækja starfið hef ég fulla trú á því að það takist enda um öfluga og samheldna liðsheid að ræða. Veturinn er því fullur af spennandi verkefnum fyrir æskulýðsstarfið í Akureyrarkirkju.

Sunna Dóra Möller

Hátt í 90 söngvarar

Starf Kórs Akureyrarkirkju er hafið en kórinn er gríðarlega stór með hátt í 90 söngvara. Aðalverkefni starfsársins er flutningur á Missa Dei Patris eftir Jan Zelenka á Kirkjulistavíku 28. apríl nk. Þar mun Sinfóníuhljómsveit Norðurlands spila með kórnum og fjórir einsöngvarar koma þar einnig fram. Stjórnandi er Eyþór Ingi Jónsson. Kórinn fór í afar vel heppnaða tónleikaferð til Finnlands og Rússlands í júní sl. og því í góðu söngformi.



Forréttindi að fá að starfa að æskulýðsmálum

Sunna Dóra Möller æskulýðsfulltrúi kirkjunnar verður vígð á Hólum í Hjaltadal þann 16. september nk. kl. 16.00 og verður nýr safnaðarprestur við Akureyrarkirkju. Hún mun einkum sinna barna- og unglingastarfi, sem lengi hefur verið fjölbreytt og öflugt í Akureyrarkirkju.

Hvað geturðu sagt okkur frá sjálfri þér?

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík, ólst upp í Árbæjarhverfi og gekk alla mína grunnskólagaöngu í Árbæjarskóla. Foreldrar mínir heita Sigrún Snævarr og Jakob Möller og ég á tvö systkin, Kristínu Þóru Möller og Árna Baldur Möller.

Ég útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1995 og varð guðfræðingur frá HÍ í febrúar 2011. Ég er gift sr. Bolla Péttri Bollasyni sóknarpresti í Laufási við Eyjaförð en hann var valinn sóknarprestur þar á vordögum 2009. Áður þjónaði hann sem prestur í Seljaprestakalli í Reykjavík. Við eigum þrjú börn: Jakob Þór Möller, 17 ára, nema við VMA, Sigrúnu Hrönn Bolladóttur, 12 ára og Matthildi Þóru Bolladóttur 10 ára. Við unum hag okkar vel í Laufási og hefur okkur liðið afskaplega vel á þessum fallega og forna kirkjustaði síðan við fluttum norður. Mót-

tökurnar allar mjög góðar og börnin okkar una hag sínum vel.

Hvað varstu að sjála áður en þú komst til starfa í Akureyrarkirkju?

Ég hef frá því veturinn 2005 komið að æskulýðsstarfi kirkjunnar og var í sunnudagaskóla á Álftanesi einn vetur og fékk svo kærkomið tækifæri þegar ég kom inn sem aðstoðarkona í æskulýðsstarfi Neskirkju veturinn 2006-2007. Þar var ég svo samfleytt í þrjú ár og vann náð með Sigrúnu Jónssyni æskulýðspresti Neskirkju. Það var heilmikill skóli fyrir mig að vinna í æskulýðsstarfi Neskirkju því þar er rekið öflugt og gott starf og margt sem ég tók með mér í veganesti þaðan inn í æskulýðsfulltrúastarfið hér í Akureyrarkirkju. Ég kom svo til starfa hér veturinn 2010 og hef verið síðan þá með barna- og unglingastarfið á minni könnu og líkað afar vel.

Verða miklar breytingar á starfinu þínu og hverjar eru áherslur þínar í starfi?

Miðað við æskulýðsfulltrúastöðuna þá býst ég við að starfið verði áfram svipað og ég held áfram að vinna að sömu starfsþáttum sem ég hef sinnt fram að þessu. Að sjálfsögðu bætast nýjir hlutir við og fjölbreytnin eykst við það að vígjast sem prestur og það verður spennandi að takast

á við ný verkefni. Það er öflugt starfsfólk í Akureyrarkirkju og gaman að vera hluti af þessari mögnuðu heild. Ég er endast þakklát fyrir það og hlakka til vetrarins sem senn fer í hönd.

Það eru forréttindi að fá að starfa að æskulýðsmálum innan kirkjunnar og öflugt barna- og unglingastarf á að vera flaggskip hverrar kirkju. Með því að hlúa vel að rötunum og huga vel að safnaðaruppbyggingu erum við að hugsa til framtíðar. Það er því mikið gleðiefni að sóknarnefnd Akureyrarkirkju hafi tekið þá ákvörðun að styrkja þennan vettvang safnaðarstarfsins og ráða safnaðarprest til starfans. Það sendir sterk skilaboð út í samfélagið og út á hinn kirkjulega vettvang að börnin og unglingarnir eru mikilvægur hluti safnaðarins og við viljum hlúa sérstaklega vel að þeim í Akureyrarkirkju. Kirkjan á að iða af lífi og gleði enda er sá boðskapur sem henni hefur verið falinn lífsins boðskapur, fullur vonar og gleði. Það er von mín að áherslur mínar í æskulýðsstarfinu nái að endurspeglja þann boðskap og börnin og unglingarnir á Akureyri eigi eftir að finna sig heima í kirkjunni sinni, Akureyrarkirkju. Sjáumst í kirkjunni í vetur!



Sunna Dóra Möller.

Barnakórstarfið í kirkjunni: Margt spennandi

Barnakórstarfið í kirkjunni er að hefjast og margt spennandi á dagskrá í vetur, m.a. söngur með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á aðventutónleikum í desember og æfingar á nýjum söngleik sem er saminn sérstaklega fyrir kórana. Einnig söngur við fjölskyldumessur, stutt ferðalag og æfingabúðir, aðventuhátíð, jólahelgileikur og fleira spennandi. Í kórnum er sungin fjölbreytt tónlist. Áhersla er lögð á raddbeitingu, raddheilbrigði, líkamsbeitingu, hlustun og framkomu og óhætt að segja að mikil tónlistarkennsla felist í kórastarfinu auk þess sem áhersla er lögð á að góður andi sé í hópnum og að öllum líði vel. Margir nýir félagar hafa bæst í hópinn og öll áhugasöm börn eru hvött til að koma og taka þátt í skemmtilegu og skapandi tónlistarstarfi. Æfingar yngri kórsins (2.-4. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 14.00-15.00 og æfingar eldri kórsins (5.-7. bekkur) eru á þriðjudögum frá kl. 15.00-16.00. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Sigríður Hulda Arnardóttir hafa umsjón með kórastarfinu í vetur.

Skráning fer fram á heimasíðu kirkjunnar www.akirkja.is og hjá Sigrúnu í síma 462 7700 eða sigrun@akirkja.is. Skráningargjald er 2000 krónur.

Fjölmargir listviðburðir

Listvinafélag Akureyrarkirkju mun standa fyrir ýmsum listviðburðum í vetur, s.s. tónleikum, myndlistarsýningum, ljósmyndasýningum og leikýningum ásamt Kirkjulistaviku sem haldin verður vikuna 21.-28. apríl 2013. Fimmtudaginn 20. september nk. kl. 20:00 verður haustfundur félagsins haldinn í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Þar verða drög að vetrardagskránni kynnt, auk þess sem nýjum félögum gefst kostur á að skrá sig í félagið og njóta þar með afsláttar á viðburði Listvinafélagsins ásamt öðrum fríðindum. Árgjald verður 5000 krónur. Félagar í Listvinafélaginu, og aðrir sem þess óska, fá reglulega sent fréttabréf þar sem sagt verður frá komandi viðburðum og er markmið félagsins að efla listalíf Eyjafjarðar enn frekar og auka á fjölbreytni menningar á Akureyri. Allir sem áhuga hafa á menningu og listum eru hvattir til að mæta á fundinn og skrá sig í félagið. Einnig má hafa samband við organista kirkjunnar á netfangið organistar@akirkja.is og skrá sig.



Kríasálmar

Föstudaginn 21. september hefst að nýju tónlistarnámskeið í Akureyrarkirkju sem ber heitið Kríasálmar. Þetta er í fimmta sinn sem slíkt námskeið er haldið í kirkjunni en námskeiðið er ætlað foreldrum 3-12 mánaða ungbarna og markmiðið er að kenna foreldrum hvernig nota má tónlist til aukinna tengsla og örvunar við börnin þeirra. Kennð eru ýmis lög og leikir og lögð áhersla á tengsl snertingar, söngs og hreyfingar. Raddir foreldranna eru þar fyrstu sem ungbörn læra að þekkja og það veitir þeim öryggi og ánægju að heyra þær. Sönghæfileikar skipta því engu máli í þessu samhengi en málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengsl foreldris og barns! Einkum er notast við tónlist kirkjunnar, þekkt barnalög, leiki og þulur en einnig kynnt tónlist til hlustunar og leikið með hljóðfæri. Námskeiðið er tvisvar í viku, 45 mínútur í senn, á þriðjudögum og á föstudögum kl. 10:30 og er þátttökugjald kr. 3000 fyrir sex skipti. Skráning og nánari upplýsingar veitir Sigrún Magna í síma 820-7447, einnig má senda tölvupóst á netfangið sigrun@akirkja.is

Bænaslökun og jóga

Nú hefur bænaslökun og jóga aftur göngu sína í Akureyrarkirkju og sem fyrr í samstarfi við Átak heilsurækt. Við tökum hádegis- og þriðjudögum traustatöki fram að jölum, á staðnum eru dýnur og teppi og það sem

meira er um vert, þar er Ulrica Seiler jógakennari, Hildur Eir prestur, kirkjuskipið í allri sinni dýrð, ró og friður og allir velkomnir. Fyrsti tími er þriðjudaginn 11. september kl 12:00. Þátttaka er ókeypis.

Kyrrðar- og fyrirbænastundir í Akureyrarkirkju

Í Akureyrarkirkju eru kyrrðar- og fyrirbænastundir alla fimmtudaga og hefjast þær kl. 12.00. Þessar stundir eru sambland af fallegri orgeltónlist, orði og bæn. Að lokinni stund er hægt að kaupa létta hádegisverð á vægu verði í Safnaðarheimili kirkjunnar. Þetta eru góðar og uppbygg-

legar stundir í notalegu andrúmslofti kirkjunnar. Það er gott að taka frá tíma í amstri hversdagsins og njóta kyrrðar og fallegar tónlistar. Hægt er að koma á framfæri bæna- og fyrirbænabók kirkjunnar í síma 4627700 alla daga milli 09.00-13.00. Verið velkomin í kirkjuna í vetur.

Kammerkórinn Ísold auglýsir eftir nýjum félögum

Í Ísold eru konur á aldrinum 18-28 ára. Í vetur verður áhersla lögð á krefjandi tónverk án undirleiks, spuna og jafnvel einhver leikræn tilþrif. Kórinn hefur vakið athygli fyrir vandaðan

flutning, bæði á klassískri tónlist sem og dægurlögum. Stjórnandi Ísoldar er Eypór Ingi Jónsson eythor@akirkja.is.

Stúlknaðurinn

Það er margt spennandi á döfinni hjá Stúlknaðri Akureyrarkirkju í vetur. Kórinn er í stöðugum vexti, framfarirnar hafa verið miklar og er nú stefnan tekin á Noreg í vor og þátttöku í norræna kórakórinu Norbusang, sem þar verður haldið. Einnig verða æfingabúðir í vetur, tónleikar í Hofi á aðventunni, sem og vortónleikar í maí. Enn er möguleiki á að ganga í kórinn, en hann er skipaður hæfileikaríkum stúlkum á aldrinum 13-17 ára. Æfingar eru á fimmtudögum frá kl. 17:00-18:00 og stjórnandi í vetur er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, sigrun@akirkja.is.

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar eru alla miðvikudaga frá klukkan 10:00-12:00. Frábært samfélag nýbakaðra foreldra og glænýrra þjóðfélagsþegna sem njóta þess að sjá hvert annað og smakka á leikföngum kirkjunnar. Það er mikilvægt fyrir heimavinandi foreldra að eiga gott samfélag við aðra fullorðna og það er líka mjög dýrmætt fyrir félagsþroska barna að sjá og fylgjast strax með jafnöldrum sínum. Boðið er upp á morgunverð á vægu verði. Umsjón með foreldramorgnum hefur séra Hildur Eir Bolladóttir.



Kynning á starfi 12-sporanámskeiðanna í Akureyrarkirkju

12-sporanámskeið hafa verið haldin í kirkjunni um margra ára skeið. Þau eru þátttakendum að kostnaðarlausu og standa yfir lungann úr vetrinum, öll miðvikudagskvöld. Þess misskilnings gætir nokkuð að námskeiðin séu aðeins ætluð fólki sem glímur við óhóflega áfengisneyslu. Því fer víðs fjarri. Þó námskeiðin byggist á

12-sporakerfi AA samtakanna eru þau ætluð öllu fólki sem hefur áhuga á að kynnst sjálfu sér, styrkleikum sínum og brestum, sættast við fortíðina og finna innri ró og hamingju. Sagt hefur verið um 12-sporaleiðina:

- Ef þér gengur illa að takast á við lífið og átt erfitt með samskiptin heima, í vinnu

unni eða annars staðar, þá eru 12 sporin gott verkfæri.

- Ef þig langar að ná meiri árangri í lífinu og betra tilfinningalegu jafnvægi, þá eru 12-sporin gott verkfæri.
- Ef þér líður illa með sjálfa/n þig en veist ekki af hverju, þá eru 12-sporin gott verkfæri.
- Ef þér líður illa með sjálfa/n þig og veist af hverju, þá eru 12-sporin gott verkfæri.

- 12-sporin eru vissulega gott verkfæri. Þátttakendur læra að beita þessu verkfæri og þroska með sér vilja/fúsleika til að nota það. Margir telja að besti árangurinn náist með því að vera með öðru fólki á þessu andlega ferðalagi. Við leiðbeinendurnir njótum þeirra forréttinda að hafa síendurtekið séð kvikna lífsneista í áður döprum augum og heyrum fólk deila reynslu sinni um hvernig þessi vinna hefur breytt lífi þess til batnaðar.

Eftirfarandi eru nokkrar umsagnir fólks af námskeiði síðasta vetrar:

„Ég lærði að standa með sjálfri mér sem var lífsnaúðsynlegt fyrir mig. Sjálfstraustið eflist og ég er bætt að gefa frítt skotleyfi á mig. Það er alveg magnað.“ (Kona)

„Lærði að slaka á og sjá björtu blíðarnar á lífinu.“ (Kona)

„Hefur opnað augu mín fyrir því fyrir hvað ég stend, hjálpað mér til aukins sjálfstæðis.“ (Karlmaður)

„12-sporin hafa opnað augu mín fyrir mínum göllum, hvernig ég get unnið gegn þeim og séð hið jákvæða í öllu og öllum í kringum mig, frekar en einblína á hið neikvæða og gagnrýna.“ (Kona)

„Mér líður betur, bæði andlega og líkamlega, eftir að hafa verið í 12-sporakerfinu með góðu fólki í Akureyrarkirkju, Takk fyrir!“ (Kona)

„12-sporin hafa hjálpað mér að taka ábyrgð á minni eigin líðan í stað þess að kenna öðrum um og hjálpað mér að öðlast frelsi undan meðvirkeni, sjálfsvorkunn og neikvæðni.“ (Kona)

„Þetta er það besta sem ég hef gert fyrir sjálfa mig.“ (Kona)

Allir eru innilega velkomnir.

Brynja Siguróladóttir, Erna Gunnarsdóttir og Guðjón Andri Gylfason

Sumardvöl 10-12 ára barna að Vestmannsvatni

Akureyrarkirkja stóð fyrir sumardvöl fyrir 10-12 ára börn að Vestmannsvatni í júní síðastliðnum. Börnum sem sækja reglulega TTT starf í kirkjunni hefur verið boðið upp á að dvelja í Kirkjumíðstöðinni hvert sumar um nokkurra ára skeið og er það nokkurs konar uppskeruhátíð þessa starfs. Þetta verkefni var unnið, líkt og fyrri sumur, í samstarfi við sr. Sólveigu Láru Guðmundsdóttur og Gylfa Jónsson

á Möðruvöllum og sr. Bolla Pétur Bollason í Laufási. Bryndís Baldursdóttir stóð vaktina í eldhúsinu með miklum sóma og framreiddi ljúffenga rétti ofan í mannskapinn á meðan dvöl stóð. Metþátttaka var í þessu verkefni að þessu sinni en tæplega 50 börn tóku þátt og unnu að ýmsum skemmtilegum verkefnum sem tengjast umhverfi Vestmannsvatns. Í ár var unnið sérstaklega með náungakærleikann og

vináttuna en valdar voru sérstaklega sögur úr Biblíunni sem tengjast þessu þema. Við fengum að auki góðan gest í heimsókn, en Jóakim Kristján Júlíusson lögreglumáður á Húsavík kom og hitti hópinn og fór yfir lögreglustarfið. Þá sýndi hann krökkunum búnað lögreglumannsins ásamt því að leyfa þeim að skoða lögreglubílinn sem mæltist afar vel fyrir. Dvölinni lauk svo með fjölskylduguðsþjónustu í Þorgeirskirkju. Barna- og unglíngastarf Akureyrarkirkju hefur verið svo lánsamt að njóta stuðnings úr styrktarsjóði Samherja og er það meðal annars þeim góða stuðningi að þakka að hægt er að hafa dvöl eins og þessa fyrir börn á þessum aldri. Erum við afar þakklát fyrir það og fyrir gott samstarf milli kirkna hér á svæðinu sem er gulls ígildi og stór hluti þess hversu vel tókst til að þessu sinni. Það er von mín að hægt verði að bjóða upp á samskonar dvöl að ári en kirkjumíðstöðin að Vestmannsvatni er sannkölluð perla og það er dásamlegt að dvelja með hóp barna í þessum gömlu og grónu sumarþúðum sem fagna senn 50 ára afmæli sínu.

Sunna Dóra Möller



Hópurinn að Vestmannsvatni.

Starfið í Akureyrarkirkju

September

Sunnudagurinn 16. september
Upphaf vetrarstarfs í Akureyrarkirkju.
Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Léttar veitingar og kynning á vetrarstarfinu í Safnaðarheimilinu strax á eftir.

Fimmtudagurinn 20. september
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur I, Brekkuskóli.

Sunnudagurinn 23. september
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Æðruleysismissa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Fimmtudagurinn 27. september
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur II, Lundarskóli.

Sunnudagurinn 30. september
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Október

Þriðjudagurinn 2. október
Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

Fimmtudagurinn 4. október
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

Sunnudagurinn 7. október.
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Fimmtudagurinn 11. október
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur I, Brekkuskóli.

Sunnudagurinn 14. október
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Fimmtudagurinn 18. október
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur II, Lundarskóli.

Sunnudagurinn 21. október
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Fimmtudagurinn 25. október
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

Sunnudagurinn 28. október
Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Æðruleysismissa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Nóvember

Fimmtudagurinn 1. nóvember
Söfnun fyrir hjálparstarf kirkjunnar, öll fermingarborn meta þennan dag.

Sunnudagurinn 4. nóvember
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 6. nóvember
Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00-17:00.

Fimmtudagurinn 8. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur I, Brekkuskóli.

Sunnudagurinn 11. nóvember
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Fimmtudagurinn 15. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur II, Lundarskóli.

Sunnudagurinn 18. nóvember
Kirkjudagur
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Messa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Fjáröflunardagur Kvenfélags Akureyrarkirkju.

Fimmtudagurinn 22. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli

Sunnudagurinn 25. nóvember
Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Fimmtudagurinn 29. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.
Hópur I, Brekkuskóli

Fastir liðir

Mánudagar:
Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagar:
Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.
Slökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12:10.
Æfing eldri barnakórsins í kapellu kl. 15:00-16:00.
Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagar:
Foreldramorgunn kl. 10:00-12:00.
Kirkjukrakkur í kapellu kl. 15:00-16:00.
TTT í kapellu kl. 17:00-18:00.
ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.
12 spora starf í kapellu kl. 20:00-22:00.

Fimmtudagar:
Kyrndar- og fyrirbænastund kl. 12:00.
Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.
Æfing yngri barnakórsins í kapellu kl. 14:00-15:00.
Æfing Stúlnakórsins í kapellu kl. 17:00-18:00.
Æskuljósfélagið Aksjón í Safnaðarheimilinu kl. 17:00-18:00

Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir og Svavar Alfreð Jónsson.